

SAMNINGUR UM RAFRÆNA ÚTGÁFU FJÁRMÁLAGERNINGA

NASDAQ CSD SE, útibú á Íslandi	Nafn útgefanda:
Kennitala: 510119-0370	Kennitala:
Í samningi þessum einnig nefnt NCSDI	Hér eftir nefndur útgefandi

1. Almenn

Við undirritun samnings þessa öðlast útgefandi rétt til að fá fjármálagerninga sína rafrænt skráða í kerfi NCSDI að uppfylltum skilyrðum laga, reglugerða og reglna sem gilda um rafræna eignarskráningu. Auðkenni, ISIN nr., fjöldi eininga eða hluta, sem og aðrar upplýsingar um hverja útgáfu undir samningi þessum skulu koma fram í útgáfulýsingu.

Útgefandi skuldbindur sig til að fara að samningi þessum, lögum, reglugerðum og reglum NASDAQ CSD SE, sem gilda hverju sinni um rafræna eignarskráningu og hverskyns öðrum skjölum sem síðar eru tekin upp og verða hluti af samningi þessum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Þegar ákvæðum samnings þessa sleppir gilda reglur NASDAQ CSD SE, eins og þær eru á hverjum tíma um efni samningsins og skuldbindingar aðila. Sé ósamræmi á milli samnings þessa og reglna NASDAQ CSD SE, eins og þær eru á hverjum tíma, skulu reglurnar gilda fram yfir samninginn.

2. Þjónustugátt og hluthafakerfi

Útgefandi getur óskað eftir aðgangi að þjónustugátt NCSDI vegna fyrirtækjaaðgerða og annarra tengdra aðgerða samkvæmt þeim skilmálum sem um gáttina gilda. Umsókn um aðgang að þjónustugátt er viðauki við samning þennan.

Útgefandi getur óskað eftir aðgangi að hluthafakerfi NCSDI vegna hlutaskrár og eigendaupplýsinga samkvæmt þeim skilmálum sem um hluthafakerfið gilda. Umsókn um aðgang að hluthafakerfinu er viðauki við samning þennan.

3. Skyldur útgefanda

Útgefandi ábyrgist að allar ákvarðanir um fyrirhugaða útgáfu og aðrar aðgerðir sem tengjast fjármálagerningum sem skráðir eru rafrænt á grundvelli þessa samnings séu teknar

samkvæmt gildandi lögum og samþykktum útgefanda. Útgefandi ábyrgist að allar upplýsingar sem veittar eru NCSDI í útgáfulýsingu eða með öðrum hætti séu réttar.

Útgefandi skal senda NCSDI undirritaða útgáfulýsingu a.m.k. fimm virkum dögum fyrir útgáfu á nýjum flokki fjármálagerninga, eftir því sem við á.

Útgefandi ábyrgist að innköllun fari fram á ápreifanlegum fjármálagerningum í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, ef við á.

Þá skuldbindur útgefandi sig til að senda NCSDI til viðbótar útgáfulýsingu, aðrar upplýsingar og/eða fylgigögn um útgáfuna eða útgefanda sem NCSDI telur nauðsynlegar.

4. Vanefndir útgefanda

Standi útgefandi ekki við samning þennan að einhverju eða öllu leyti eða uppfylli hann ekki lengur þau lög, reglugerðir eða reglur NCSDI sem um hann gilda, skal hann tilkynna það tafarlaust til NCSDI og greina frá ástæðum þess.

5. Breytingar á samningi þessum

NCSDI er heimilt að gera breytingar og viðbætur við samning þennan með 30 daga fyrirvara að undangenginni tilkynningu til útgefanda með tölvupósti. Geri útgefandi ekki athugasemdir við efni hins nýja samnings innan 30 daga frá því hann var sendur honum telst hann hafa samþykkt efni hans að öllu leyti. Útgefandi staðfestir jafnframt að óski hann eftir þjónustu sem fellur undir samning þennan, eða eftir atvikum hinn nýja samning, eftir að hinn nýi samningur var sendur honum teljist hann hafa samþykkt efni hans að öllu leyti.

Við undirritun samnings þessa falla úr gildi eldri samningar aðila um sama efni.

6. Trúnaðarupplýsingar

Upplýsingar sem samningsaðilar veita sín á milli, skal fara með sem trúnaðarmál, nema annað leiði af lögum, reglum, dómsúrskurði eða eðli máls.

7. Persónuvernd

Útgefandi staðfestir að honum sé kunnugt um að til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum sé NCSDI nauðsynlegt að safna saman og vinna úr persónuupplýsingum í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Vakin er athygli útgefanda á persónuverndarstefnu NCSDI sem og upplýsingaskjali um persónuvernd, sem finna má á heimasíðu NCSDI.

8. Uppsagnarákvæði

Útgefanda er heimilt að segja upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara ef engir fjármálagerningar hans eru enn rafrænt skráðir í kerfi NCSDI og skal uppsögn samnings gerð skriflega. Heimilt er að segja samningi þessum upp fyrr ef aðilar eru um það sammála. Áður en uppsögn á samningi getur átt sér stað skal útgefandi vera búinn að greiða alla útistandandi reikninga við NCSDI og gera viðeigandi ráðstafanir varðandi rafræna útgáfu þeirra

fjármálagerninga og réttindi þeim tengdum sem samningurinn fjallar um samkvæmt þeim lögum, reglugerðum og reglum NCSDI sem um það gilda.

9. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við rafræna skráningu fjármálagerninga í kerfi NCSDI.

10. Gjöld

Útgefandi hefur kynnt sér gjaldskrá NCSDI og skal greiða gjöld samkvæmt henni eins og hún er á hverjum tíma. Gjaldskrá má nálgast á heimasíðu NCSDI.

Í sérstökum tilvikum getur NCSDI krafist gjalda af útgefanda vegna vinnu að hans beiðni sem ekki fellur undir almenna gjaldskrá. Í slíkum tilvikum eru gjöld samkvæmt tímagjaldi.

11. Ágreiningur

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal honum skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Samning þennan má undirrita rafrænt og á pappír, samningurinn er gerður í tveimur jafngildum eintökum sé hann undirritaður á pappír.

Staður og dagsetning:

F.h. útgefanda:

--

Undirskrift prókúruhafa:

--

Nafn í prentstöfum:

--